

Miðvikudaginn 24. janúar 1996.

Nr. 42/1996.

Sandgerðisbær

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Óskari Árnasyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Útivistarmál. Stefnu-birting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. janúar 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Samkvæmt vottorði póstmanns fór hann á heimili varnaraðila 28. desember 1995 til að birta þar héraðsdómsstefnu í málinu. Hitti hann þar fyrir son varnaraðila, sem neitaði að taka við stefnunni. Af vottorðinu að dæma virðist póstmaðurinn ekki annað hafa gert til að leitast við að ljúka birtingu. Hann lét þá hvorki af hendi afrit stefnunnar né greindi syni varnaraðila frá því, að stefnubirting færi þar með fram án tillits til mótlæra hans, og frá skyldum hans í því sambandi, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga nr. 91/1991. Af þessum sökum fór ekki fram lögmæt birting stefnunnar. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. janúar 1996.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 10. janúar 1996, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, út gefinni 20. desember 1995, af Sandgerðisbæ, kt. 460269-4829, Tjarnargötu 4 í Sandgerði, á hendur Óskari Árnasyni, kt. 230923-8179, Norðurgötu 11 í Sandgerði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 3.391.341 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, af 784.544 kr. frá 1. febrúar 1992 til 1. febrúar 1993, af 1.688.890 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1994, af 2.595.032 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1995, en af stefnukröfum frá þeim degi til greiðsludags, til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins og til að þola lögveðsrétt í fasteignum sínum að Tjarnargötu 11, Tjarnargötu 11a og iðnaðarhúsi við Strandgötu vegna fasteignagjalda, sem til féllu árin 1994 og 1995, og þeim kostnaði, sem síðar kann að falla til vegna innheimtutilrauna. Þess er enn fremur krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1992, allt í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Við þingfestingu málsins 10. janúar 1996 var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og var þá málið dómtekið að kröfu stefnanda, eins og áður segir.

II.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að hin umstefnda skuld sé til komin vegna ógreiddra fasteignagjalda af fasteignunum Tjarnargötu 11, Tjarnargötu 11a og iðnaðarhúsi við Strandgötu (Árnaborg neðan Strandgötu, Landakotsland) fyrir árin 1992 til 1995. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga beri eigandi fasteignar ábyrgð á greiðslu á lagðra fasteignagjalda. Stefndi hafi verið eigandi að framangreindum fasteignum samkvæmt vottorði úr þinglýsingabók, er fasteignagjöld þessi hafi fallið til, og sé það enn.

Sveitarstjórn Sandgerðisbæjar hafi ákveðið, að fasteignagjöld vegna áranna 1992 til 1995 skyldu greidd með fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu 15. janúar til 15. maí ár hvert, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/1990. Samkvæmt 5. mgr. sömu greinar valdi vangreiðsla að hluta því, að fasteignaskatturinn falli allur í eindaga fimmtán dögum eftir gjalddaga. Greiði eigandi ekki fasteignaskatt, fylgi honum lögveð í þeirri fasteign, sem hann er lagður á, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði í tvö ár frá gjalddaga, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1990.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaganna nr. 90/1990, einkum 1., 3. og 4. gr. Um dráttarvexti er vísað til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Kröfu um málskostnað reisir stefnandi á 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun á lögum nr. 50/1988.

III.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing í máli þessu. Verður málið því dæmt eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti, sem samrýmanlegt er fram komnum gögnum, nema gallar séu á málinu, sem varða frávísun þess án kröfu, sbr. 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í máli þessu liggur frammi vottorð póstmanns um stefnubirtingu. Samkvæmt því vottorði er birt fyrir Árna Arnari Óskarssyni, syni stefnda, á lögheimili stefnda að Norðurgötu 11 í Sandgerði. Í athugasemdum á vottorðinu segir: „Árni neitaði móttöku bréfsins, og [stefndi] er erlendis, ekki væntanlegur fyrr en í maí 1996.“ Vottorðið er óundirritað. Kemur nú til skoðunar, hvort þessi háttur á birtingu stefnu fullnægir reglum XIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er gerður greinarmunur á birtingu stefnu, þegar stefnuvottur eða lögbókandi á í hlut og þegar póstmaður annast birtingu. Birting stefnu er þannig lögmæt, ef stefnuvottur eða lögbókandi vottar, að hann hafi birt stefnu fyrir stefnda eða einhverjum, sem er bær um að taka við henni í hans stað, sbr. a-lið ákvæðisins. Um birtingu póstmanna er hins vegar tiltekið, að vottað sé, að samrit stefnu, sem sent er í ábyrgðarbréfi, hafi verið afhent viðtakanda, sbr. b-lið ákvæðisins.

Regla b-liðar 1. mgr. 83. gr. um stefnubirtingu póstmanns er nýmæli í íslenskum lögum. Í athugasemdum við ákvæðið er ítrekað, að stefnubirting póstmanns fari þannig fram, að samrit stefnu sé sent stefnda í ábyrgðarbréfi, sem sé borið út til viðtakanda, og póstmaður votti, að hann hafi afhent þetta bréf stefnda sjálfum eða einhverjum þeim, sem til þess er bær að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd. Í samræmi við fyrirmæli 4.5.8.2. gr. reglugerðar um póstpjónustu nr. 161/1990 verður samrit stefnu í ábyrgðarbréfi þannig ekki afhent nema gegn kvittun viðtakanda.

Af orðalagi b-liðar 1. mgr. 83. gr. laga um meðferð einkamála og af athugasemdum við það ákvæði þykir verða að álykta, að ólíkar reglur gildi um stefnubirtingu póstmanna annars vegar og stefnuvotta og lögbókenda hins vegar. Nánar tiltekið sýnist, að um stefnubirtingu póstmanns sé áskilið, að samrit stefnu sé afhent viðtakanda. Er slík skýring og eðlileg, þegar litið er til þess, að stefnuvottar og lögbókendur þurfa að fullnægja almennum hæfisskilyrðum 5. eða 81. gr. laga nr. 91/1991, en um póstmenn er ekki um slík skilyrði að ræða nema að því leyti, sem leiðir af lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt birtingarvottorði póstmanns í máli þessu var bréf með samriti stefnu ekki mótttekið af viðtakanda. Þessi ummæli í birtingarvottorðinu þykja ekki verða skýrð á annan veg en að bréf með samriti stefnunnar hafi ekki verið afhent Árna Arnari Óskarssyni. Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir þessi birting ekki fullnægja áskilnaði b-liðar 1. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um það, að vottað sé, að bréf með samriti stefnu hafi verið afhent. Með því að í máli þessu hefur ekki farið fram lögmæt stefnubirting samkvæmt 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og stefndi hefur ekki sótt þing við þingfestingu málsins, ber að vísa því frá dómi án kröfu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Skúli Magnússon dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.
